

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2011 Starfsárið 2010-2011

Stjórn og stjórnarfundir

Eftir aðalfund og vorfagnað félagsins 3. apríl 2010 sem haldinn var í Sjóminjasafni Reykjavíkur – Víkinni, örkuðu fundarmenn út á Hringbraut og skoðuðu bátasmíðar og viðgerðir hjá Jóni Ragnari, stjórnarmanni félagsins og bátasmíðanema.

Það er gleðilegt til þess að vita að loks er áhugi landans á trébátum aftur að vakna eftir áratuga dvala. Það eigum við eflaust að þakka efnahagskreppunni sem fær fólk til að leita eigin róta og huga að uppruna sínum. Meira að segja er orðið strandmenning orðið þjóðinni svo þjált í munni að á Blönduósi er nú orðið til strandmenningarsetur þó enn sé óljóst hvaða hlutverki það á að gegna.

Starfsemin

Jónsmessuganga

Á Jónsmessu aðstoðaði félagið Garðbúa og stóð að „Göngu fjörulallans frá vita til vita á Jónsmessunótt.“ Skemmst er frá því að segja að um hundrað og tuttugu manns mættu í göngu á Jónsmessunótt og gengu á milli fjögurra vita á Reykjanesinu og nutu leiðsagnar og fróðleiks heimamanna.

Sail Húsavík

Að öðru leyti var sumarið tíðindalítið hjá félaginu fyrir utan störf formanns við norrænu strandmenningarhátíðina sem halda skal á Húsavík í júlí. Hátíðin er fyrst og síðast afrakstur samstarfs norrænu vita – og strandmenninga-félaganna, unnin í samvinnu við heimamenn og er ætlunin að hún verði fyrst um sinn árleg. Næst haldin í Ebeltoft í Danmörku 2012 síðan tekur Karlskrona við keflinu 2013 og svo koll af kolli.

Ekki naut formaður þó lengi trausts Húsvíkinga og var vikið frá störfum í september fyrir að sinna ekki launalausum starfi sem skyldi. Í kjölfarið ákvað stjórn Vitafélagsins að segja skilið við Sail Húsavík en þegar í ljós kom að norrænu félögin ætluðu þá að hætta við að koma, var ákveðið á átaka fundi í stjórn að félagið gengi aftur til liðs við verkefnið. Ritari félagsins sagði í kjölfarið skilið við stjórnarstörf í félaginu. Þau skilyrði voru sett af hálfu Vitafélagsins að það sjái um ráðstefnur og málþing þannig að tryggt sé að fræðsla og umræða um strandmenningu eigi sér stað. Sigrún Klara, gjaldkeri, tók að sér stjórnarsetu í Sail Húsavík í stað Sigurbjargar.

Fundur með Skipulagsnefnd Reykjavíkur

Sigurbjörg og Jón Ragnar fóru á fund fulltrúa frá Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar og forstöðumanns Sjóminjasafnsins í Reykjavík til að athuga hvort ekki væri hægt að koma á samstarfi safnsins, Faxaflóahafna og Vitafélagsins um afnot að einu bili í verbúðunum gegnt safninu. Hugmynd Jóns Ragnars og Sigurbjargar er að þar verði komið upp fyrsta vísi að miðstöð strandmenningar.

Í kjölfarið sendi formaður Sjóminjasafninu, Skipulagsnefnd og Faxaflóahöfnum hugmynd að uppbyggingu miðstöðva í strandmenningu í hverjum landsfjórðungi, þar sem flettað yrði saman bátasmíðum, handverki og matarmenningu ásamt annarri fræðslu af ýmsum toga sem tengist hafi og strönd. Hugmyndinni hefur verið mjög vel tekið og í kjölfarið ætla Faxaflóahafnir að standa fyrir málþingi í maí um smíði og viðhald trébáta.

Garðskagaviti

Félagið bauð í vetur sveitastjórninni í Garði að taka gamla Garðskagavitann í fóstur svo framarlega sem Siglingastofnun leyfir. Markmiðið er að koma vitanum í upprunalegt horf og að í Garði verði vísir að safni um sögu íslenska vitans. Sveitastjóri, forstöðumaður byggðasafnsins og formaður Vitafélagsins ætla síðan á fund Siglingastofnunar til að fylgja málinu eftir.

Fræðslufundir

Fræðslufundir félagsins í Sjóminjasafninu hafa verið misvel sóttir. Allt frá 20 manns í 100 og er þar eflaust um að kenna flakki með tíma og daga.

Fjörufarð um Álftanes var á dagskrá í dag en aldrei þessu vant hylur nú hvít slæða vetrarins jörð og því lítið að sjá af þeim strandminjum sem skoða átti.

26. mars er dagskrá í Grindavík um útgerðarsögu Grindvíkinga og Selatanga og 17-18 apríl er förinni heitið á Snæfellsnes til að skoða Fiskibyrgin og fleira á Nesinu undir leiðsögn heimamanna. Þar með er lokapunktur settur á fræðslu og ferðir á þessari vetrardagskrá félagsins.

Í júlí vonumst við til að sjá sem flesta á Húsavík og ekki er ráð nema í tíma sé tekið að fara að huga að þátttöku okkar í dagskrá 2012 í Ebeltoft.

Sigurbjörg Árnadóttir
formaður